

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/250*  
*komudagur 18.6.2009*

Frá Samráðshóp íbúa og hagsmunaaðila Mýrdal  
[www.myrdalur.is](http://www.myrdalur.is)

Til Nefndarsviðs Alþingis  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um náttúruverndaráætlun 2009-2013

Samráðshópur íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal þakkar bréf umhverfisnefndar Alþingis dags. 5. júní 2009, einnig af hafa fengið að koma fyrir nefndina til að skýra málið frekar.

Hópurinn er sem fyrr sömu skoðunar á verndun austurhlíða Reynisfjalls sem búsvæði brekkubobba og bendum á að ógnin við þá ætlan sé hugmynd um veggöng gegnum fjallið. Sjá nánar erindi hópsins dags. 2. mars 2009.

Garðabæ, 17. júní 2009

F.h. samráðshóps íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal

  
Erla Bil Bjarnardóttir  
bil@internet.is

## Samráðshópur íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal

---

Umhverfisnefnd Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
150 Reykjavík

bt.: Helgi Hjörvar, alþingismaður, formaður  
Hildur Eva Sigurðardóttir, ritari

Efni: *Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, þingskjal 239 (192. mál).*

Samráðshópur íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal styður eindregið þá tillögu, sem fram kemur í ofangreindri þingsályktunartillögu, að “Hvannstóð undir Reynisfjalli – Bús væði brekkubobba” – verði lýst friðland, sbr. 2. mgr., lið II.c, auk skýringa í greinargerð.

Hvetur hópurinn til þess að tillagan standi óbreytt, hvað afmörkun og skilgreiningu varðar. Hópurinn bendir þó á að ástæða er til að leiðrétta þar sem segir í greinargerð að engar ógnir vofi yfir þessu svæði og leggur hópurinn til að sá liður breytist þannig:


*Ógnir: Möguleg vegagerð um Víkurfjöru og jarðgöng um Reynisfjall með tilheyrandi jarðraski og hugsanlegri mengun vegna nálægðar við umferð.*

Samráðshópur íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal eru grasrótahreyfing sem mynduð var í kjölfar umræðna um aðalskipulagsgerð og vegamál í Mýrdal. Hópurinn beitir sér fyrir ábyrgum skipulags- og samgöngubótum um héraðið í sátt við umhverfi, lífríki og samfélag. Jafnframt leitast hópurinn við að efla rannsóknir á svæðinu og fyrirbyggja óafturkræft tjón á náttúruverðmætum, menningarminjum og fasteignum á svæðinu. Samtökin eru kynnt nánar á heimasíðu þeirra, [www.myrdalur.is](http://www.myrdalur.is). Má þar finna mikinn fróðleik um náttúrufar í Mýrdal og annað sem varðar þessi mál, enda hefur hópurinn notið velvildar ýmissa stofnana, félagasamtaka og fræðimanna við öflun efnis.


2. mars 2009

Fyrir hönd samráðshóps íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal,

  
Erla Bil Bjarnardóttir

  
Gunnar Á. Gunnarsson

  
Guðni Einarsson

  
Kjartan Jónsson